



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: STÆR3DT10 veturinn 2025-2026.

Kennarar: Jóhanna Katrín Eggertsdóttir, Kári Sigurðsson, Sóley Benediktsdóttir og Steinunn María Stefánsdóttir.

Kennslugögn: Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar Seinni hluti, Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar og Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar.

Bekkir: 6. bekkir - Stæ-5.

Lýsing:

Hornafallajöfnur. Samfelld og diffranleg föll. Aðfellur og óeiginleg markgildi, ferilteikningar, hagnýting diffrunar. Stofnföll, óákveðin og ákveðin tegur og hagnýting tegurreiknings. Þrepun, runur og raðir. Talningarfræði. Líkindareikningur.

Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

Hautmisseri:

- Vika 1-5: Hornafallajöfnur (kaflar 3.1-3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar Seinni hluti), Diffrun, óeiginleg markgildi og aðfellur (kaflar 3.1-3.3 og 4.1 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 6-10: Ferilteikningar og hagnýting diffrunar (kaflar 4.2-4.3 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 11-15: Stofnföll, lograr og veldi (kaflar 5.1-5.2 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).

Vormisseri:

- Vika 1-4: Tegrun s.s. hluttegrun, innsetning, sínus og kosínus og ræð föll (kaflar 1.1-1.6) í Stærðfræði handa 6. bekk.
- Vika 5-10: Ákveðið tegur, undir og yfirsummur, flatarmál og rúmmál snúðs (kaflar 2.1-2.4 og 3.1-3.2) í Stærðfræði handa 6. bekk.
- Vika 11-15: Þrepun, runur og raðir, talningafræði (og líkindareikningur) (kaflar 4.1-4.4, 5.1.-5.2 og 6.1)

Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 6 á hvoru misseri), reglubundnum heimaðæmum, frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum misserisprófum.



Menntaskólinn í Reykjavík

Námsmat

- Tekið er eitt próf um jól og tekur það eina og hálfa klukkustund og er þriðjungur þess fræðilegur.
- **Námseinkunn:**
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum á haustmisseri 1/6.
 - Jólapróf 1/6.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum á vormisseri 1/3.
 - Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, vinnubrögðum við heimanám, munnlegri og skriflegri framsetningu stærðfræðinnar, fræðilegri yfirsýn og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Stúdentspróf** að vori er tekið úr öllu námsefni 4., 5. og 6. bekkjar. Fræðilega prófið er ein og hálf klukkustund en hitt er þrjár klukkustundir. Bæði prófin eru skrifleg. Stúdentsprófseinkunn er ein og gildir fræðilega prófið þriðjung en skriflega prófið tvo þriðju hluta einkunnar.